



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 6.8.2025
Málsnúmer: 202507-0014
IAS

Efni: Stækkun hótels ION Adventure á Nesjavöllum. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 8. júlí 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna stækkunar hótels ION Adventure á Nesjavöllum.

Um er að ræða stækkun á hóteli sem er staðsett á vatnsverndarsvæði Þingvallavatns. Þar sem svæðið telst verndarsvæði skv. 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum fellur framkvæmdin undir lögin.

Allar fyrirhugaðar framkvæmdir hafa þegar farið fram, annars vegar á árunum 2011-2013 og hins vegar á árunum 2023-2024. Yfirgefnar starfsmannabúðir fyrir Nesjavallavirkjun voru stækkaðar og breytt í hótél árið 2011 og var hótelið svo stækkað enn frekar árið 2024. Nýjasta breytingin fól í sér að fjölga gistirýmum í hótelinu um 24 herbergi en nú eru samtals 66 herbergi og gistirými fyrir 132 manns. Þá var einnig matsalur stækkaður og breytingar gerðar innanhúss. Samtals áætlaður hámarksfjöldi gesta sem eru á sama tíma í salarkynnum er um 170 manns.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Óheppilegt er að framkvæmdum sé þegar lokið og áhrif framkvæmdarinnar flest komin fram. Nútímahrauni, sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga nr 60/2013 um náttúruvernd, hefur verið raskað vegna stækkunarinnar og breyting orðið á ásýnd svæðisins. Raskið er ekki mikið og liggur það að hrauni sem þegar hafði verið raskað vegna fyrri bygginga.

Hótelið er á skilgreindu verslunar- og þjónustusvæði (VP1), innan hverfisverndarsvæðis (HV9) og innan varúðarsvæða (VA1 og VA2) samkvæmt gildandi aðalskipulagi og hótelið er í samræmi við gildandi deiliskipulag. Hótelið er einnig innan vatnsverndarsvæðis samkvæmt lögum nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Ekki er talið að stækkunin hafi áhrif á vatnasvið Þingvallavatns þar sem úrgangur frá salernum fer í rotþrær og er síðan flutt til förgunar en grávatn fer í gegnum þriggja þrepa hreinsun áður en það fer út í umhverfið.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að líklegt er að áhrif stækkunarinnar hafi verið óveruleg og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur